

SÁL3B05

Námsáætlun, Haustönn 2024

Kennari/kennarar:

Aron Haraldsson

Netfang/netföng:

aron.haraldsson@borgo.is

Lýsing:

Fjallað er um geðheilsu, geðræn vandamál, almennt geðheilbrigði og geðrækt. Lögð er áhersla á að nemendur átti sig á samspili líkamlegra og andlegra þátta í tengslum við geðheilbrigði og þróun geðraskana. Nemendur kynnst leiðum til að verjast streitu og taka á afleiðingum hennar. Einnig er fjallað um geðraskanir, flokkunarkerfi geðraskana og helstu meðferðarúrræði við geðröskunum. Farið verður í helstu kenningar í sálfræði og þær tengdar við áhrifaþætti og orsakir geðraskana. Meginmarkmið áfangans er að nemendur öðlist skilning á eigin geðheilsu, áhrifaþáttum tengdum henni og leiðum til þess að byggja hana upp.

Markmið (þekking, leikni, hæfni):**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- geðheilsu og geðröskunum.
- mismunandi nálgun sálfræðinnar á afbriðgilegu atferli
- helstu meðferðarformum og úrræðum við geðröskunum.
- hvernig viðhorf til geðraskana og meðferð þeirra hefur breyst í tíðanna rás.
- aðbúnaði og möguleikum einstaklinga með geðraskanir í samfélaginu.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina helstu streituþætti sem koma upp í daglegu lífi.
- nýta aðferðir við að minnka eða fyrirbyggja streitu í sínu daglega lífi.
- miðla þekkingu sinni á eðli geðraskana.
- setja sig í spor fólks sem á við geðræn vandamál að stríða.
- beita sálfræðilegum meðferðarúrræðum á einkenni geðraskana.
- afla sér heimilda og upplýsinga á sviði geðsálfræði, greina þær og setja í fræðilegt samhengi.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- greina alvarleika ólíkra geðraskana með tilliti til áhrifa á daglegt líf sem metið er með hópvinnu og rannsóknum.
- greina áhrif umhverfis og erfða á þróun geðraskana sem metið er með kynningu í kennslustund (*).
- móta eigið geðheilbrigði til að verða hæfari þátttakandi í nútímasamfélagi sem metið er með persónulegum verkefnum eða dagbókarskrifum.
- framkvæma flókna eigindlega rannsókn og gera grein fyrir innihaldi hennar í skýrslu (*).



SÁL3B05

Námsáætlun, Haustönn 2024

Námsmat:

Nemendur þurfa að ljúka öllum námsmatsþáttum hér að neðan til að útskrifast úr áfanganum. Þetta þýðir að nemendur þurfa að skila öllum verkefnum og próf í áfanganum og fá að meðaltali 5,0 í einkunn. Lokaverkefnið og verkefnið Stefnum og Geðröskun eru stjórnumerkt verkefni og tengjast hæfnimarkmiðum. Það verður að ná þeim verkefnum með lágmarkseinkunn.

Spurningar kafla 1	2,5%
Streituverkefni	10%
Spurningar kafla 3	2,5%
Stefnur sálfræðinnar og ein geðröskun (*)	5%
Spurningar kafla 4	5%
Lestrarverkefni (Kafli 1, 2, 3 og 4)	10%
Kvikmyndaverkefni	10%
Greiningarverkefnið	10%
Lokaverkefni (Viðtal, skýrsla) (*)	20%
Verkefnabók DSM-5	10%
Hópspurningakeppni	5%
Ástundun og Virkni	10%

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

- Þetta er símatsáfangi og því er nauðsynlegt að nemendur vinni öll verkefni vel og skili þeim á réttum tíma.
- Eins og fram kemur í námsmati þurfa nemendur að ljúka öllum námsmatsþáttum til að útskrifast úr áfanganum.
- Kennari áskilur sér rétt til að spyrja nemenda munnlega út í skriflega skiluð verkefni – leiki grunur á að nemandinn hafi ekki að öllu leyti unnið verkefnið sjálfur.
- Athugið sérstaklega, gerist nemandi uppvís að því að skila verkefni sem nemandinn er ekki höfundur að eða hefur ekki unnið sjálfur, getur viðkomandi átt þá hættu að vera vísað úr áfanganum. Það er bannað að nýta sér gervigreindarforrit í áfanganum.
- Gerð er krafa um að fjöldi almennra og óútskýrðra fjarvista fari ekki upp fyrir 10. Námið byggir að nokkru leyti á þjálfun í gagnrýnni hugsun og samtali um efnispætti áfangans og því er nauðsynlegt að nemendur mæti mjög vel til að ná hæfnimarkmiðum áfangans.
- Áfanginn er fimm feiningar – það felur í sér að nemandi getur áætlað að heimanám verði að meðaltali um tvær klukkustundir á viku.
- Ef nemandi er ítrekað fjarverandi sökum veikinda, verður sú staða sérstaklega rædd. Fari fjöldi fjarvista yfir 10 verður nemandi vísað úr áfanganum.
- Sé nemandi ekki mættur í kennslustund þegar að kennari les upp þá er skráð seint á hann en ef hann er ekki mættur innan 10 mínútna frá því að hún hefst telst hann fjarverandi í tímanum. Kennari óskar þess að nemendur sendi sér einungis tölvupóst ef þeir vilja spyrja að einhverju eða komi með fyrirspurnir í upphafi kennslustunda.

SÁL3B05

Námsáætlun, Haustönn 2024

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmatsþættir
1	19.-23. ágúst	Kafli 1: Hvað er klínísk sálfræði? Vinna í spurningum aftast í kaflanum	Skila spurningum úr kafla 1 (2,5%)
2	26.-30. ágúst	Kafli 2: Streita og úrræði við streitu Vinna í verkefni 1	Skila Verkefni 1 streituverkefni (10%)
3	2.-6. sept.	Kafli 3: Afbrigðilegt atferli Vinna í spurningum aftast í kaflanum	Spurningar aftast í kafla 3 (2,5%)
4	9.-13.sept.	Kafli 3: Afbrigðilegt atferli Vinna í verkefni 2	Skila Verkefni 2 um sjónarmið og geðröskun (5%)
5	16.-20.sept	Kafli 4: Flokkun og mat og DSM-5 Vinna í verkefnabókinni DSM-5	Vörðuvika I
6	23.-27. sept.	Kafli 4: Flokkun og mat og DSM-5 Vinna í spurningum aftast í kaflanum	Spurningar aftast í kafla 4 (5%)
7	30.sept.-4. okt.	Kafli 4: Flokkun og mat og DSM-5 Gera lestrarverkefnið í tíma Vinna í verkefnabókinni DSM-5	Lestrarverkefnið (Kaflar 1,2,3 og 4) (10%)
8	7.-11. okt.	Kvikmyndaverkefnið Vinna í kvikmyndaverkefninu	Skila kvikmyndaverkefninu (10%)
9	14.-18. okt.	Vinna í verkefnabók DSM-5	
10	21.-23. okt.	Kafli 5: Helstu flokkar geðraskana	Hausthlé
11	29. okt.-1. nóv.	Kafli 5: Helstu flokkar geðraskana Vinna í lokaverkefninu	
12	4.-8. nóv.	Vinna í lokaverkefninu	Skila lokaverkefninu (20%) Vörðuvika II.
13	11.-15. nóv.	Vinna í verkefnabók DSM-5 Kafli 6: Meðferðarúrræði	
14	18.-22. nóv.	Vinna í verkefnabók DSM-5	Skila verkefnabók DSM-5 (10%)
15	25.-29. nóv	Æfingar í að leysa reynslusögur	
16	2.-6. des.	Æfingar í að leysa reynslusögur	Greiningarverkefnið (10%)
17	9.-12. des		Hópkönnun (5%) Síðasti kennsludagur

Námsgögn:

Kennsluefnið er aðallega í tveimur bókum - ásamt ítarefni sem vísað verður í hverju sinni.

1. Samantekið rafrænt efni inn á INNU um Geðsálfræði eftir Aron Tómas Haraldsson. Nemendur borga fyrir heftið á skrifstofunni og kostar það 1000 kr.

2. DSM-5 Flokkun geðraskana (Rauða bókin) - eftir Kristján Guðmundsson, ætti að fást í almennum bókabúðum.



Borgarholtsskóli

SÁL3B05

Námsáætlun, Haustönn 2024

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.